


Stefán Axel: Lítil væri svona mynd bara dauður hlutur. Mynd – Jim Smart.

Einfaldleiki í yfirstærð

Stefán Axel: Reyni að skapa andrúm með stærðinni

Stefán Axel Valdimarsson sýnir þessa dagana níu stórar myndir í austursal Kjarvalsstaða; valin verk frá undanförnum fjórum árum. Þetta er fjórða einkasýning Stefáns Axels og önnur hér á landi, en hann býr nú og starfar í Rotterdam, Hollandi.

– Ég fór til framhaldsnáms við Jan Van Eyck Akademie í Maastricht eftir að ég lauk Myndlista- og handíðaskólanum 1984, segir hann. – Ég var í Maastricht í tvö ár og sótti síðan um starfsstyrk til hollenska ríkisins. Ég átti alls ekki von á að fá þennan styrk og var kominn aftur hingað, en þá var mér úthlutað ársstyrk fyrir árið 1987. Ég flutti til Rotterdam haustið 1987 og hef verið þar síðan.

– Í þessum myndum sem ég sýni hér eru að grunni til einföld symmetrísk form. Mínar myndir hafa stækkað eftir því sem formin hafa einfaldast. Með stærðinni reyni ég að skapa andrúm; lítil væri svona mynd bara dauður hlutur en stór hefur hún möguleika á að verða að lifandi stemmningu. Ef ég væri til dæmis með lítinn ferning sem ég málaði rauðan, væri hann ekkert annað en rauður ferningur, í yfirstærð yrði hann hinsvegar að rauðu andrúmi.

Hvernig stóð á því að þú settist að í Rotterdam, er hún eitthvað sérstök listaborg?

– Til að byrja með varð Holland fyrir valinu fyrst og fremst vegna þess hvað það er miðsvæðis. Aðalatriðið fyrir myndlistarmenn sem héðan koma er að geta farið sem víðast og séð sem flestar sýningar áður en þeir fara aftur til Íslands, og frá Hollandi er til dæmis stutt til Kölnar, Düsseldorf og Parísar.

– Rotterdam er að vísu frekar köld vinnuborg, en maður fær að vera í friði. Mér líkar vel að vera þar, þar er ekki þessi erill sem er í Amsterdam, sem er eins konar hanastélsborg. Rotterdamborg er hinsvegar að breytast, þar er nú stöðugur straumur ungra listamanna því þar er enn auðvelt að fá vinnustofu. Þar að auki fer þar nú fram mikil uppbygging í menningarlífinu, sem styrkt er af hinu opinbera.

Hvað er framundan hjá þér? Verðurðu áfram í Hollandi?

– Ég verð næst með sýningu í janúar-febrúar á næsta ári, í gallerii sem ég er í sambandi við í Rotterdam. Það er gallerí sem hefur tekið að sér að sýna verk mín og kynna mig, maður verður að hafa einhvern svona á bak við sig, það er eini grundvöllurinn fyrir því að geta verið þarna áfram.

– Ég verð í Rotterdam á meðan fjárhagurinn leyfir, annars kem ég bara beint hingað á sjóinn, það hef ég gert áður. En Holland er gott land fyrir myndlistarmenn þótt ég sakni auðvitað Íslands. Hollenska flatneskjan getur orðið þreytandi til lengdar.

LG

Bældar ástríður í Andalúsíu

Leikfélag Akureyrar frumsýnir Hús Bernörðu Alba

Leikfélag Akureyrar frumsýnir annað kvöld Hús Bernörðu Alba eftir Federico García Lorca, undir leikstjórn Þórunnar Sigurðardóttur. Þýðinguna gerði Einar Bragi, sem þýddi verkið upphaflega fyrir sýningu Leikfélags Reykjavíkur árið 1966, en endurskoðaði hana frá grunni í tilefni þessarar sýningar. Búninga og leikmynd gerir danskur hönnuður, Charlotte Clason, um tónlistarflutning sér Pétur Jónasson gítarleikari og lýsingu annast Ingvar Björnsson, ljósameistari LA.


Federico García Lorca fæddist í Fuente Vaqueros 1898. Hann var við tónlistarnám hjá Antonio Segura og Manuel de Falla, og lærði seinna lögfræði, heimspeki og bókmenntir í Granada, Madrid og við Columbia University í New York (1929-30). Hús Bernörðu Alba er síðasta leikrit hans, en hann var myrtur af fasistum í Granada árið 1936. Lorca var jafnvígur á leikrit og ljóð og talinn mesti skáldsnillingur Spánverja á þessari öld. Hann var aldrei flokksbundinn og tók ekki beinan þátt í stjórnmálum, en sú frelsisþrá og óbeit á öllu sem spillt er og rotið, sem fram kemur í verkum hans gerðu hann að átrúnaðargoði alþýðu Spánar og jafnframt að upplögðu fórnarlambi fasískra valdaræningja.

Í Húsi Bernörðu Alba segir af ekkjunni Bernörðu, fimm dætrum hennar, vinnukonum og öðrum konum sem heimilinu tengjast. Leikurinn gerist í kæfandi sumarhitum í þorpi í Andalúsíu, Bernarða er nýorðin ekkja í annað sinn, þóttafullur heimilisharðstjóri, sem heldur dætrum sínum og vinnukonum í helgreipum drambs og drottnunargirni. Dæturnar, sem eru á aldrinum frá tvítugu til fertugs engjast undir járnhæl móðurinnar, sem hefur steinrunnar siðareglur í hávegum. Af uppeldinu eru þær fávísar, öfundsjúkar og slaðurgjarnar og lifa af fangavistina með endalausum draumum um lífsins lystisemdir og forboðnu ávexti, – karlmenn.

Búninga- og leikmyndahönnuður sýningarinnar Charlotte Clason var um árabil yfirmaður búningadeildar Konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn. Hún hefur hannað búninga og leikmyndir fyrir fjölda leiksýninga, balletta og kvikmynda, svo eitthvað sé nefnt, bæði í Danmörku og öðrum Evrópulöndum. Búningar og leikmynd Bernörðu Alba er fyrsta verkið sem hún hefur verið fengin til að vinna hér á landi, en fyrirmyndina sækir hún í leikmynd og búninga sem hún gerði fyrir uppfærslu á sama verki hjá Konunglega leikhúsinu fyrir ári.

Pétur Jónasson stundaði gítarnám hér á landi, í Mexíkó og á Spáni. Pétur er eftirsóttur einleikari og hefur leikið einleik með kórum og hljómsveitum víða um heim. Hann tekur nú þátt í sinni fyrstu sýningu hjá íslensku atvinnuleikhúsi og mun á sýningunum leika spánska gítartónlist, sem hann hefur útsett og lagað að verkinu, þar á meðal lög eftir Lorca og de Falla.

Með hlutverk Bernörðu Alba fer Sigríður Hagalín, gestaleikari frá LR. Sigríður hefur tvívegis áður tekið þátt í flutningi leiksins, hún lék hlutverk Ágústínu, elstu dóttur Bernörðu í uppfærslu Leikfélags Reykjavíkur 1966, og vinnukonu í flutningi Ríkisútvarpsins á leiknum fyrir tveimur árum. Með önnur hlutverk fara þær Sunna Borg, María Sigurðardóttir, Guðbjörg Thoroddsen, Ingunn Jensdóttir, Kristjana Jónsdóttir, Þórey Aðalsteinsdóttir, Nanna Ingibjörg Jónsdóttir og þrjár nýútskrifaðar leikkonur: Elva Ósk Ólafsdóttir, Steinunn Ólafsdóttir og Sóley Elíasdóttir.



Sigríður Hagalín í hlutverki heimilisharðstjórans Bernörðu Alba.

LG